

Tillaga til þingsályktunar

um félagsráðgjöf í grunn- og framhaldsskólum.

Flm.: Oddný G. Harðardóttir, Logi Einarsson, Helga Vala Helgadóttir, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Jóhann Páll Jóhannsson, Krístrún Frostadóttir, Ásthildur Lóa Þórsdóttir, Eyjólfur Ármannsson, Guðmundur Ingi Kristinsson, Inga Sæland, Jakob Frímagn Magnússon, Tómas A. Tómasson, Gísli Rafn Ólafsson.

Alþingi ályktar að fela mennta- og barnamálaráðherra að setja fram áætlun um hvernig tryggja megi að í grunn- og framhaldsskólum starfi félagsráðgjafar sem nemendur geti leitað til. Ráðherra hafi jafnframt samráð um málefnið við Samband íslenskra sveitarfélaga og Félagssráðgjafafélag Íslands, auk annarra félagasamtaka eftir því sem við á. Ráðherra leggi fyrir Alþingi skýrslu um verkefnið eigi síðar en 1. ágúst 2023 og skal fylgja henni kostnaðar-áætlun og tillaga að fyrirkomulagi kostnaðarskiptingar milli ríkis og sveitarfélaga.

Greinargerð.

Tillaga þessi var endurflutt á 152. löggjafarþingi (267. mál). Albertína Friðbjörg Elíasdóttir hafði lagt fram tillöguna á 150. (647. mál) og 151. löggjafarþingi (113. mál). Tillagan náði ekki fram að ganga og er nú lögð fram að nýju. Með tillögunni er lagt til að mennta- og barnamálaráðherra verði falið að setja fram áætlun um hvernig tryggja megi að í grunn- og framhaldsskólum starfi félagsráðgjafar sem nemendur geti leitað til. Markmið tillögunnar er að tryggja að félagsráðgjafar starfi í skólum þannig að skólar geti betur sinnt hlutverki sínu miðað við áherslur í nýjum farsældarlögum og brugðist við á skilvirkan hátt innan veggja skólans um leið og þarfar verður vart. Félagssráðgjafi sem starfar í skóla hefur möguleika á að bregðast fyrir við og á annan hátt en utanaðkomandi tengiliður frá annarri stofnun. Hann á auðveldara með að mynda tengsl við nemendur í nærumhverfinu en utanaðkomandi tengiliður, auk þess sem stjórnendur, kennarar og annað starfsfólk hefðu betra og skjótara aðgengi að stuðningi og ráðgjöf.

Ráðherra er falið að útfæra nánar með hvaða hætti þjónustan verði veitt. Þá er lagt til að ráðherra hafi jafnframt samráð um málefnið við Samband íslenskra sveitarfélaga og Félagssráðgjafafélag Íslands og önnur félagasamtök eftir því sem við á, t.d. Kennarasamband Íslands. Þá benda flutningsmenn á mikilvægi þess að hafa virkt samráð við börn og ungmenni í þessum efnum. Í skýrslu ráðherra til Alþingis um verkefnið skulu m.a. koma fram tillögur um næstu skref og greining á því hvort gera þurfi lagabreytingar til að ná markmiði þingsályktunartillögunnar.

Fjöldmargar rannsóknir hafa á undanförunum árum sýnt fram á mikilvægi snemmtækrar íhlutunar hvað varðar félagslega þjónustu við börn og ungmenni. Fræðimenn hafa bent á að enginn vettvangur sé jafnkjörinn og skólinn til þess að búa ungmenni undir flókið líf í flóknu samfélagi. Sú reynsla sem börn fá í skóla getur haft jákvæð og langvarandi áhrif á félagslega velferð þeirra og því er mikilvægt að líta á skólann sem lykilþátt við forvarnir og stuðningsúræði fyrir börn. Í því sambandi má nefna börn sem standa frammi fyrir áföllum, svo

sem vegna skilnaðar foreldra eða andláts, kynbundins ofbeldis, eineltis, vanrækslu eða fátæktar. Auk þess geta börn staðið frammi fyrir persónulegum og félagslegum áskorunum vegna fötlunar og veikinda og eins þarf að huga að börnum af erlendum uppruna. Íslenskar og erlendar rannsóknir hafa sýnt að börn sem búa við framantaldar aðstæður eiga oftari við sálfélagslega erfiðleika að stríða en önnur börn og eru í meiri áhættu gagnvart námsvanda og brothvarfi úr námi.¹ Þegar vá steðjar að í samfélaginu þarf að gæta sérstaklega að velferð barna. Það á m.a. við um náttúruhamfarir, efnahagskreppu, slys og sjúkdómsfaraldur. Þá þurfa fjölskyldur, opinber þjónusta, heilbrigðiskerfi og skólasamfélagið öðrum fremur að stilla saman strengi kringum börnin. Í starfi áfallateymis í skólum eiga félagsráðgjafar oft frumkvæði að videigandi viðbrögðum. Þeir miðla vitneskju um úrræði og veita fólki áfalla-hjálp, einu sér eða hópum og fjölskyldum, oft í nánú samstarfi við annað fagfólk, svo sem hjúkrunarfræðinga, presta og sálfræðinga. Þegar rof verður á skólastarfi, eins og varð þegar kórónuveirufaraldurinn stóð sem hæst, er ekki aðeins þörf á að endurskoða starfsemina sem slíka heldur þarf einnig að huga að því hvernig best verði unnið úr reynslunni til góðs fyrir nemendur, foreldra, stjórnendur, kennara og annað starfsfólk skóla.

Samhliða samfélagsbreytingum á undanfórnum áratugum, sem hafa m.a. haft áhrif á hlutverk og aðstæður íslenskra fjölskyldna, hefur félagsmótunarhlutverk skóla aukist og náð til margþættari verkefna. Sú staða veldur auknu álagi á kennara og annað starfsfólk skóla vegna margvíslegra úrlausnarefna sem þeir standa frammi fyrir þegar þeir sinna velferð og vellíðan nemenda. Niðurstöður rannsókna á upplifun og reynslu kennara sýna að aukið og illviðráðanlegt álag fylgi því að láta sig varða velferð hvers barns. Kennurum sé mikil áraun að horfa upp á börn sem glíma við vanlíðan, áföll í fjölskyldum, fátækt og félagslega útskúfun, og upplifi sig hjálparvana í þessum aðstæðum. Að mati kennara skortir aðstoð fagfólks í slíkum málum. Eitt mikilvægt markmið skólafélagsráðgjafar er að vera kennurum, stjórnendum og öðru starfsfólki skóla stoð við að greina og meta þá þætti sem geta haft áhrif á námsferlið og almenna líðan nemenda. Með því að vinna með þeim aðilum í málefnum einstakra barna og með því að þróa forvarna- og stuðningsúræði fyrir nemendur má búa svo um hnútana að allir nemendur geti notið sín í skólaumhverfinu. Það er ein af forsendunum fyrir framtíðarheill þeirra. Skólafélagsráðgjafar munu gegna mikilvægu hlutverki til að markmiðum nýrra laga um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna verði náð.

Tillaga þessi er nú endurflutt í þriðja sinn. Borist hafa sjö umsagnir um tillöguna sem fólu allar í sér stuðning við hana. Umboðsmaður barna sendi umsögn um tillöguna 15. febrúar 2022 þar sem hann tekur undir markmið hennar og mælir með því að hún verði samþykkt. Í umsögninni kemur einnig fram að umboðsmaður barna hafi á síðustu árum ítrekað komið á framfæri áhyggjum af stöðu íslenskra nemenda í grunn- og framhaldsskólum, en þær áhyggjur hafi til að mynda snúið að skólaförðun og vaxandi andlegri vanheilsu íslenskra barna. Í umsögn Barna- og fjölskyldustofu kemur fram stuðningur við tillöguna. Þar segir að hún sé til þess fallin að styðja við faglega þjónustu við börn í grunn- og framhaldsskólum landsins. Þá styðji tillagan við markmið laga nr. 86/2021, um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna.

Skólafélagsráðgjöf.

Upphaf félagsráðgjafar í skólum er rakið til Bandaríkjanna í kringum aldamótin 1900. Ástæða þess að félagsráðgjafar voru ráðnir til skóla var sú að þekking þeirra á félagslegum

¹ Sjá t.d. Sigrúnu Harðardóttur og Sigrúnu Júlíusdóttur. (2019). Opinber stefna, skólakerfið og hlutverk kennara: Viðbragðsbúnaður skólans. Stjórnmal og stjórnsýsla, 1(15), 113–134

vanda, svo sem vegna fátæktar, vanheilsu og félagslegrar stöðu lágtekjufólks, og á þeim áhrifum sem slíkar aðstæður gætu haft á börn, var álitin mikilvæg fyrir skólann. Fyrst um sinn fólust störf félagsráðgjafanna aðallega í því að vera tengiliðir á milli heimila og skóla og bera kennsl á orsakir að baki erfiðleikum barna. Í dag starfa skólafélagsráðgjafar í 53 löndum. Samkvæmt upplýsingum frá fagdeild fræðslu- og skólafélagsráðgjafa í Félagsráðgjafafélagi Íslands starfa félagsráðgjafar í tólf skólum hér á landi, þar af í átta grunnskólum og fjórum framhaldsskólum.

Markmið skólafélagsráðgjafar er að greina og meta þá þætti sem geta haft áhrif á námsferlið og almenna líðan, og vinna að frekari þróun forvarna- og stuðningsúrræða fyrir nemendum til að tryggja að allir geti notið sín í skólaumhverfinu. Með þekkingu sinni á einstaklingsþroska, fjölskyldusamskiptum, löggjöf, þjónustustofnunum og félagslegum úrræðum mynda skólafélagsráðgjafar mikilvæga brú á milli skóla, fjölskyldu og samfélags. Hugmyndafræðileg nálgun og faglegur grunnur í vinnuaðferðum félagsráðgjafa byggist á heildarsýn og kerfishugsun. Með heildarsýn að leiðarljósi vinna þeir í samstarfi við annað fagfólk innan skóla og annarra stofnana með þverfræðilegri nálgun, ásamt því að veita stjórnendum, kennurum og öðru starfsfólki handleiðslu og ráðgjöf.

Í ljósi þess aukna álags sem skólar standa frammi fyrir við að sinna nemendum í viðkvæmri stöðu er brýnt að fjölga félagsráðgjöfum í grunn- og framhaldsskólum. Þannig getur skólinn betur sinnt velferðarhlutverki sínu og markvissu forvarnastarfi í anda nýrra farsældarlaga til að koma í veg fyrir að vandi þróist og verði illviðráðanlegur með tilheyrandi kostnaði fyrir samfélagið.

Með því að veita framangreindri þingsályktunartillögu brautargengi yrði stigið enn mikilvægara skref í þá átt að efla forvarnastarf og snemmtækan stuðning í nærumhverfi sem getur betur tryggt samþætta þjónustu í þágu barna og fjölskyldna þeirra. Álykta má að tilkoma félagsráðgjafa í skólum bæti velferð og vellíðan barna ásamt því að draga úr álagi á starfsfólk skóla og brotthvarfi nemenda úr námi.